

Samþykktir (skipulagsskrá)

Fyrir ReykjavíkurAkademíuna ses.

Heiti:

1.gr.

Stofnunin heitir ReykjavíkurAkademían ses og er sjálfseignarstofnun.

Heimilisfang:

2. gr.

Heimilisfang, varnarþing og aðalstarfsstöð ReykjavíkurAkademíunnar ses er á Hringbraut 121, 4. og 5. hæð, 107 Reykjavík.

Tilgangur:

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að vera vettvangur fræðilegra rannsókna og miðlunar þeirra, með sérstakri áherslu á þverfaglegar rannsóknir og alþjóðlegt samstarf. Í því skyni skal stofnunin m.a. reka miðstöð sjálfstætt starfandi fræðimanna, standa fyrir virku samstarfi þeirra og umræðu um samfélag og menningu. Stofnunin annast kennslu á háskólastigi í samstarfi við háskóla og að eigin frumkvæði. Hún skal standa fyrir nýjungum í háskólakennslu og leitast við að miðla ferskum straumum inn í íslenskt fræðasamfélag. Þá skal stofnunin standa fyrir fræðiritautgáfu s.s. með útgáfu bóka, tímarita um fræði og menningu og kennslubókagerð.

Stofnendur:

4.gr.

Stofnandi stofnunarinnar er Félag ReykjavíkurAkademíunnar (áður ReykjavíkurAkademían), skammstafað FRA.

Stofnfé:

5.gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.000.000. Við stofnunina yfirtekur stofnunin eignir og skuldir Félags ReykjavíkurAkademíunnar (áður Reykjavíkur Akademíunnar) miðað við 01.01.2006 og vísast til sérstakrar skýrslu þar um.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnanda hennar nema réttur til tilnefningar stjórnarmanna og umsagnarréttur um málefni hennar.

Tekjur:

6.gr.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera:

Leigutekjur af húsnæði.

Greiðslur samkvæmt þjónustusamningum við opinbera aðila og einkaaðila.

Styrkir, gjafir, auglýsingatekjur, eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast.

Tekjur af námskeiðahaldi, kennslu, útgáfu og öðrum fræðastörfum sem unnin eru með atbeina stofnunarinnar.

Vaxtatekjur.

Aðrar tekjur.

Stjórn:

7.gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár.

Félag ReykjavíkurAkademíunnar kýs, á aðalfundi, fimm menn til setu í stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses og tvo til vara.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum en kosnir skulu a.m.k. formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn sér um fjárreiður stofnunarinnar, gerir fjárhagsáætlun í upphafi hvers starfsárs og gerir upp reikningsárið. Stjórnin er handhafi auðkenna ReykjavíkurAkademíunnar og verður að leita leyfis stjórnar fyrir hverskonar notkun á nafni ReykjavíkurAkademíunnar. Stjórn skal í störfum sínum leitast við að taka mið af sjónarmiðum félaga í Félagi ReykjavíkurAkademíunnar og leita eftir þeim verði því við komið. Stjórn setur málsmeðferðarreglur um úthlutun húsnæðis í miðstöð stofnunarinnar. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúrumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og skulu viðstaddir stjórnarmenn staðfesta fundargerð með undirritun sinni.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og annað starfslid til að sinna rekstri og öðrum verkefnum. Skulu slík störf kynnt og auglýst innan Félags ReykjavíkurAkademíunnar. Stjórn ákveður starfskjör og starfssvið framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður.

9. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfundar. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur (eða endurskoðendafélög) ásamt varamönnum til að endurskoða reikninga stofnunarinnar

fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

Reikningsárið:

11. gr.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 30. mars ár hvert.

12. gr.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykkt þessara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar. Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

Breyting samþykkt, slit og sameining:

13. gr.

Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki 2/3 hluta stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða á löglega boðuðum félagsfundi stofnanda stofnunarinnar, Félags ReykjavíkurAkademíunnar.

14. gr.

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til Félags ReykjavíkurAkademíunnar.

15. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara ná ekki til skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á aðalfundi Félags ReykjavíkurAkademíunnar (áður ReykjavíkurAademíunnar), Reykjavík 31. mars 2006
Stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar:

Vitundarvottar að rétttri dagsetningu og undirritunum:

Þannig samþykkt á stofnfundi ReykjavíkurAkademíunnar ses.

Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses.:

Clarena E. Alund (240656-5239)
Ólafur Sigurðsson (131275-5289)
Jón Ólafsson (031064-4069)
Kjartan Björnsson (242800-5889)
Rannveig R. Alfreðsdóttir (241272-3549)

Vitundarvottar að rétttri dagsetningu og undirritunum: